

Af húsaleigustyrk, sem launagreiðandi greiðir launamanni sínum, ber að reikna staðgreiðslu að fullu.

Fylgi starfi launþega kvöð um búsetu í húsnæði, sem vinnuveitandi lætur honum í té, er skattstjóra heimilt að lækka mat húsnæðishlunninda við álagningu opinberra gjalda á næsta ári eftir staðgreiðsluár, svo sem verið hefur ef launþegi telst ekki nýta húsnæðið að fullu. Íbúðarhúsnæði, allt 150 m², telst fullnýtt séu íbúar húsnæðisins 6 manns eða færri. Hver íbúi umfram 6 telst nota 5 m² húsnæði. Til íbúðarhúsnæðis í þessu sambandi telst eigi húsnæði allt að 15 m², sem vinnuveitandi hefur samþykkt að launþegi noti sem skrifstofu- eða starfshúsnæði í þágu ríkisins.

Eigi skal meta launamanni til hlunninda afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem launamaður dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

7. Fatapeningar.

Af fatnaði, sem ekki telst einkennisfatnaður, skal reikna staðgreiðslu af kostnaðarverði. Eigi skal reikna launamanni til tekna nauðsynlegan hlífðarfatnað sem launagreiðandi afhendir honum til afnota við störf í þágu launagreiðandans. Af greiðslum launagreiðanda til launamanns til kaupa á fatnaði skal hins vegar ávallt reikna staðgreiðslu af allri greiðslunni.

Reykjavík, 3. janúar 2000.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 671/1997 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fengnum meðmælum yfirdýralæknis að veita almenna undanþágu frá skilyrðum 6. gr. varðandi jöturými í allt að eitt ár samkvæmt nánari skilyrðum sem yfirdýralæknir setur.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, forðagæslu o.fl. ásamt síðari breytingum, lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr ásamt síðari breytingum og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. janúar 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.